

**Nr. 20-023 S 016 Orri ÍS 180*****Slitnar frá og strandar á Flateyri***

Skipaskr.nr. 0923  
Smíðaður: Danmörk 1957, eik  
Útgerð: Tómas Patrik Sigurðarson  
Stærð: 67,54 brl. 72 bt.  
Mesta lengd: 21,66 m Skráð lengd: 20,20 m  
Breidd: 5,65 m Dýpt: 2,80 m  
Vél: Caterpillar 370 kW, 1984  
Fjöldi skipverja:



Orri©NN

**Gögn:**  
Gögn RNSA

Málið afgreitt á fundi 5. júní 2020 af Geirþrúði Alfreðsdóttur, Inga Tryggvasyni, Hilmari Snorrasyni og Hirtí Emilssyni

*Tilgangur þessarar skýrslu er ekki að skipta sök eða ábyrgð og skal henni ekki beitt sem sönnunargagn í dómsmáli.*

***Atvikalýsing:***

Þann 14. janúar 2020 var netabáturinn Orri ÍS 180 við bryggju á Flateyri.

Um kl. 23:30 féll snjóflóð úr Skollahvilft fyrir ofan bæinn sem náði niður í höfnina með þeim afleiðingum að Orri slitnaði frá bryggju, strandaði og sökk að hluta.



*Mynd 1 Myndin sýnir hvernig snjóflóðið féll í höfnina*



Mynd 2 Myndirnar sýna Orra á strandstað

**Við rannsókn kom fram:**

- að RNSA ákvað að skrá þetta óvenjulega atvik til að upplýsingar um það og hugsanleg afdrif Orra væru til. Orri hafði ekki verið í notkun um tíma og hafði haffærisskírteini hans verið síðast gefið út 27.1.2014 og gilt til 27.1.2014 en framlengt til 10.2.2014.

**Nefndarálit:**

Málið hefur verið skráð.